

**Ed. 438. Tillaga til þingsályktunar**

um undirbúning löggjafar um eignarnámsheimild á óræktuðum landsvæðum handa kaupstöðum við Faxaflóa.

Flm.: Jón Baldvinsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa fyrir næsta Alþingi löggjöf um eignarnámsheimild á landsvæðum sunnanlands, hentugum til jarðræktar handa kaupstöðum við Faxaflóa, með það fyrir augum að reisa þar nýbýli handa þeim íbúum bæjanna, er áhuga kynnu að hafa fyrir því að búa í sveit.

**Greinargerð.**

Eitt alvarlegasta áhyggjuefnið er hin öra fjölgun íbúa kaupstaða og kauptúna og tilsvarendi fækkun í sveitum. Er mál þetta hið vandasamasta, og verður ekki með neinni einni ráðstöfun úr þessu bætt, heldur verða margvíslegar ráðstafanir að koma til, ef færa á fólk aftur til sveitanna svo nokkru verulegu nemi.

Með tillögu þessari eru sérstaklega hafðir í huga kaupstaðirnir Reykjavík og Hafnarfjörður, þar sem mannfjöldinn er mestur, og telja flutningsmenn, að vel mætti veita úr ríkissjóði stuðning til að stofna nýbýli handa íbúum bæjanna, þó það sé ekki tiltekið í tillögunni. Landsvæði, sem flutningsmenn telja hentug, er fyrst og fremst hið mikla óræktaða land í Ölfusi í Árnessýslu og í Holtum í Rangárvallasýslu, og jafnvel óræktað land í Hnappadalssýslu. Mun fyrir þessu verða gerð nánari grein í framsögu.